



2. BEKKUR

VETURINN 2009- 2010

Ágætu foreldrar/forráðamenn

„Menntun er auður sem aldrei verður frá neinum tekinn. Hún yfirgefur engan en gerir öllum kleift að njóta sín og lífsins. Fyrsta menntunin er veitt í fjölskyldunni. Kærleikur og góð menntun eru bestu gjafir handa hverju barni” (Úr inngangi Aðalnámsskrár grunnskóla).

Hlutverk þessa námsvísis er að kynna helstu áherslur í námi barna ykkar. Í honum eru upplýsingar um þær greinar sem kenndar eru, aðaláherslur, kennsluhætti, námsefni og námsmat, ásamt öðrum gagnlegum upplýsingum.

Athygli skal vakin á því að skóladagatal, skólareglur og aðrar upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans.

Í vetur leggur Síðuskóli áherslu á að vinna með SMT-skólafærni, Byrjendalæsi og umhverfismál. Í lífsleikni verður nýtt kennsluefni kennt sem kemur frá Rauðakrossinum og heitir Zippy. Kennarar á yngsta stigi munu í vetur fá leiðsögn frá Háskólanum á Akureyri til að þróa kennsluáferðir Byrjendalæsis yfir í sína stærðfræðikennslu.

Gott samstarf heimilis og skóla er mikilvægur þáttur í uppeldi og fræðslu og stuðlar að árangursríku námi. Heimavinna er góður vettvangur til að tengja saman heimili og skóla og hvetjum við ykkur til að aðstoða börnin ykkar eftir þörfum. Á fjölskylduvef Mentors (www.mentor.is) verður hægt að lesa um heimanámið og það starf sem fram fer í skólanum. Áfram er lögð áhersla á lestur heima og kvittun foreldris fyrir lestri barna sinna ásamt hvatningu og hrósi. Mikilvægt er að nemendur temji sér vönduð vinnubrögð og biðjum við ykkur foreldra að leggja áherslu á það í heimanáminu.

Foreldraviðtöl verða 12. janúar.

Mikilvægt er að nemendur mæti stundvíslega í skólann og komi vel fram við aðra nemendur og starfsfólk skólans. Tilkynna þarf í upphafi skóladags ef nemendur eru veikir. Óski foreldrar eftir leyfi fyrir nemendur skulu þeir snúa sér til umsjónarkennara eða skólastjóra. Athugið að öll leyfi nemenda eru á ábyrgð foreldra/forráðamanna.

Með von um gott og árangursríkt samstarf í vetur.

Sara E. Svanlaugsdóttir umsjónarkennari í 2. SES, stofa 43, netfang: sara@akmennt.is

Margrét Baldvinsdóttir umsjónarkennari í 2. MB, stofa 44, netfang: margret@akmennt.is

Rósa Gunnbjörnsdóttir, iðjuþjálfari rosagunn@akmennt.is

Elín Sigurðardóttir, stuðningsfulltrúi

Kolbrún Árnadóttir sérkennari akolla@akmennt.is

Hafðís Kristjánsdóttir deildarstjóri yngri deildar: hafdisk@akmennt.is

Heimasíða skólans er: <http://www.siduskoli.is>

Fjölskylduvefur Mentors: <http://www.mentor.is>

Þar sem nafn kennara er ekki sérstaklega tekið fram hér á eftir er það umsjónarkennari sem kennir námsgreinina

Íslenska

Í aðalnámskrá grunnskóla er íslenskunámi skipt í fjóra flokka þ.e. talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Þessir þættir eiga að styðja hvern annan, tengjast og skarast og fléttast saman sem ein heild. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í íslensku í öllum námsgreinum grunnskóla. Foreldrar eru hvattir til að styðja við stöðuga lestrarþjálfun og umræðu um meðferð tungumálsins.

Talað mál og hlustun

Aðaláherslur: Að nemendur tali skýrt og greinilega, geti tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum, geti endursagt ýmis konar texta og þjálfist í að færa rök fyrir máli sínu. Geti fylgt fyrirmælum og hafi kynnst þeim reglum sem gilda í samræðum.

Kennsluhættir: Nemendur segja frá eigin upplifunum og reynslu í heimakrök og eru þjálfaðir í að hlusta á aðra. Þeir taka þátt í umræðum í bekknum og tjá skoðanir sínar. Nemendur lesa upp úr sögubókum sínum, fara með vísur, taka þátt í leikrænni tjáningu og leikjum í skólastofunni. Lesið er daglega fyrir nemendur og þeir þjálfaðir í að spá fyrir um framhald sögunnar og endursegja það sem lesið hefur verið. Nemendur horfa á myndbönd í tengslum við annað námsefni og setja upp leiksýningar.

Námsefni: Markviss málörvun II. Efni að vali kennara og nemenda.

Lestur og bókmenntir

Aðaláherslur: Að nemendur efli mál- og lesskilning, geti lesið sér til gagns og gamans, hátt og í hljóði, geti valið sér bækur eftir áhugasviði og afli sér upplýsinga úr bókum og af Netinu. Þekki hugtökin söguþráður, sögupersónur og hafi kynnst fjölbreyttum textum. Einstaklingsbundnar þarfir nemenda verða hafðar að leiðarljósi.

Kennsluhættir: Kennt er eftir hugmyndafræði Rósu Eggertsdóttur, Byrjendalæsi, þar sem unnið er jöfnum höndum með hlustun, tal, lestur og ritun. Texti er lesinn fyrir nemendur og rætt um efni hans. Lykilorð er valið úr textanum og það nýtt til að auka orðaforða og lesskilning nemenda. Á haustönn er unnið með samhljóðasambönd og síðan farið í einfalda og tvöfalda samhljóða. Áhersla er lögð á að nemendur kynnist fjölbreyttum sögum, geti spáð fyrir um innihald, framhald og eru þjálfaðir í að endursegja sögurnar. Lögð er áhersla á að nemendur lesi bækur við hæfi, bæði að eigin vali og sem kennari velur. Einnig lesa nemendur reglulega upphátt fyrir kennara og eru hvattir til að nýta sér til gagns og gamans þær bækur sem eru í kennslustofum.

Nemendum er skipt í hópa, þar sem þeir vinna fjölbreytt lestrarverkefni m.a. með spilum og leikjum. Lestraráttak er tvisvar yfir skólaárið og gangvirkur lestur er kynntur og þjálfður.

Læsi sem er lestrarskimun frá Menntamálaráðuneytinu er lagt fyrir í nóvember, febrúar og maí og eru niðurstöður kynntar foreldrum.

Námsefni: Lestrarbækur við hæfi hvers og eins og einnig velja nemendur bækur að eigin vali á skólabókasafni. Ýmis verkefni tengd Byrjendalæsi. Sögur af hljóðdiskum, myndbönd, vísnaðbækur, fræðibækur og fróðleikur sóttur á Netið.

Ritun/skrift

Aðaláherslur: Að nemendur geti skrifað skýrt og læsilega, dragi rétt til stafs og hafi bil á milli orða. Þekki einfaldar stafsetningarreglur, svo sem um stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum. Þjálfist í að tjá sig í rituðu máli og hafi skoðað og skrifað margvíslega texta svo sem frásagnir, dagbækur, sögur og sendibréf. Lögð er áhersla á að nemendur geti skrifað einfaldar setningar eftir réttum texta og upplestri.

Kennsluhættir: Nemendur semja sögur í sögubók, annað hvort frjálst eða eftir fyrirfram ákveðnu efni. Lögð er áhersla á fjölbreyttar textagerðir. Þeir útbúa einnig sínar eigin verkefnabækur. Stafdrættir í ítáluskrift rifjaðir upp og æfðir og nemendur þjálfaðir í að staðsetja stafina rétt á línu. Nemendur eru þjálfaðir í að auka skriftarhraða sinn með ýmsum foræfingarverkefnum. Einnig skrifa nemendur orð og stuttar setningar eftir upplestri.

Námsefni: Ýmislegt efni frá Gunnlaugi S.E. Briem (briem.net), Síðuskólaskrift 2a og 2b, verkefnabækur og allt annað sem skrifað er í skóla og heima.

Málfræði

Aðaláherslur: Að nemendur læri að þekkja hugtökin bókstafur, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein. Kunni að ríma og hafi öðlast tilfinningu fyrir hrynjandi orða. Þekki stafrófið og átti sig á mun sérhljóða og samhljóða. Geti fundið samheiti og andheiti orða. Átti sig á að íslenskan er beygingamál.

Kennsluhættir: Ýmsar munnlegar og skriflegar æfingar unnar á stöðvum/hringekjum eða í krók.

Námsefni: Ýmis spil, leikir og kennsluforrit.

Heimanám í íslensku: Nemendur hafa lestrarbók sem þeir lesa í skólanum og heima fyrir foreldra. Mikilvægt er að nemendur lesi daglega heima. Reynt er að tengja heimanám þeirri vinnu sem fram fer í skólanum og þess vegna er ekki um fast fyrirkomulag að ræða. Sögubók getur stundum komið heim þar sem semja á sögu og eða endursegja texta vikunnar eða vinna með lykilorð. Öðru hvoru koma skrifraræfingar til að efla leikni og hraða.

Námsmat í íslensku: Umsögn er gefin á haust- og vorönn. Hún byggist á símati sem tekur til kunnáttu, færni, skilnings, frumkvæðis, vinnubragða og framfara. Sóknarkvarði er notaður í ritun, skrift, málfræði og lestri/lesskilningi en á honum eru áfangamarkmið 2. bekkjar skipt niður ymist í 3 eða 4 stig og merkt við hversu langt nemandi er kominn miðað við lokamarkmið hvers tíma.

Nemendur meta einnig getu sína út frá sóknarkvarða. Skrifarkannanir eru lok anna.

Í maí kynna nemendur sýnismöppu sína fyrir foreldrum.

Hraðlestrarpróf eru í desember, febrúar og maí.

Uppákomur og heimsóknir í íslensku: Dagur íslenskrar tungu, fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar sem er 16. nóvember. Evrópskur tungumáladagur 24. september. Heimsókn á Amtsbókasafnið. Árshátíð Síðuskóla í mars. Ýmsar uppákomur á sal skólans.

Nánasta umhverfi skólans nýtt til hugmynda að ritunarverkefnum.

Kennslustundafjöldi á viku í íslensku: 7.

Stærðfræði

Aðaláherslur: Að nemendur fái tækifæri til að nota og þróa sínar eigin aðferðir við lausn viðfangsefna og að tjá sig um aðferðir og lausnir í töluðu og rituðu máli. Að nemendur skilji tengsl talna, leiðir til að tákna þær og áhrif aðgerða á þær og noti hjálpargögn sér til aðstoðar. Nemendur eru hvattir til sjálfstæðra vinnubragða og að nýta sér fjölbreytileika stærðfræðinnar. Að viðfangsefni stærðfræðinnar tengist daglegu lífi nemenda og nánasta umhverfi þeirra.

Kennsluhættir: Hluti kennslunnar fer fram sameiginlega í bekknum með innlögn og samantekt. Innlagnir fara fram í stuttum lotum. Nemendur vinna mikið saman í litlum hópum að athugunum, rannsóknnum og mælingum til að afla upplýsinga og vinna úr þeim. Þeir læra að skipta með sér verkum, miðla eigin hugmyndum og vinna með hugmyndir annarra. Áhersla er lögð á hugarreikning og tækni við hann og að nemendur temji sér að gera skýringarmyndir við lausn dæma og þrauta. Nemendur eru þjálfaðir í ýmis konar talnavinnu, flokkun, röðun og lýsingu á eiginleikum hluta og umræðum um þá. Ýmis kennsluforrit, reiknivélar og hversdagslegir hlutir svo sem talnagrindur, kubbar og málbönd eru nýtt sem hjálpartæki við kennslu.

Námsefni: *Eining 3 og 4, Línan 3 og 4, Sproti 2 æfinga- og nemendabók, Í undirdjúpunum samlagning og frádráttur, Viltu reyna, -gulur -rauður -grænn, Tíu tuttugu, Verkefni fyrir vasareikna 1. og 2. hefti*, aukaverkefni og spil er tengjast námsefninu, ýmis kennsluforrit s.s. Gyldendal.no/multi, Bogi blýantur, Húrra fyrir Hermínu, Talnaveiðar, Töfraflísar, Leikver.

Heimanám: Stærðfræðileg verkefni koma heim vikulega.

Námsmat: Stutt könnunarpróf, athugun með gátlista, verkefni eru metin munnlega og sömuleiðis hópverkefni. Sóknarkvarði notaður í lok anna. Umsögn skal taka til allra markmiða og fram þarf að koma hvað nemandi getur.

Uppákomur og heimsóknir: Dagur stærðfræðinnar 4. febrúar. Þá eru unnin sérvalin verkefni.

Nánasta umhverfi skólans er nýtt til ýmissa stærðfræðiverkefna. Pósthúsið heimsótt.

Kennslustundafjöldi á viku: 5.

Samfélagsgreinar

Aðaláherslur: Að nemendur kynnist og þekki sitt nær samfélag sem það lifir í, þekki umhverfi sitt og fái tilfinningu fyrir æviskeiði sínu s.s. þegar ég var lítil, þegar amma/afi voru lítil.

Þekki staði í nágrenni heimilisins s.s. heiti gatna, verslana, áa og fjalla. Geti lýst hvernig fólk ferðast t.d. með einkabíl, strætisvagni, hjóli eða gangandi. Kynnist því hvernig fólk hefur breytt umhverfi sínu með vegagerð, byggingu húsa og ræktun á landi. Þekki til mismunandi fjölskyldugerða í íslensku samfélagi, fræðist um nýbúa, hvaðan þeir koma og ástæður þess að þeir hafa flutt hingað. Kynnist nokkrum þjóðsögum og landnámsmönnum úr heimabyggð. Þekki þjóðhátíðardag, skjaldarmerki og þjóðsöng okkar. Kynnist mikilvægi náttúrverndar og hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum í þeim málum, t.d. með flokkun sorps og endurnýtingu hráefna.

Kennsluhættir: Unnin verða þemaverkefni sem oft eru tengd Byrjendalæsi. Þar er tekið fyrir ákveðið efni sem nemendur vinna einstaklingslega, í pörum og eða hópum. Áhersla er lögð á að nemendur geti rætt saman, miðlað, farið í vettvangskannanir, stundað rannsóknarvinnu og nýtt sér kennsluforrit. Oft eru ævintýri, sögur og eða fréttir úr fjölmiðlum notaðar sem kveikja að umræðu um mikilvæg atriði sem skipta nemendum máli.

Námsefni: *Komdu og skoðuðu land og þjóð, Egill, Ísland landið okkar*, ýmsar sögubækur er tengjast í Byrjendalæsi, verkefni og bækur er tengjast Akureyri og nágrenni, hnattlíkön, landakort, fræðibækur, kennsluforrit.

Uppákomur og heimsóknir: Vettvangsferðir í Krossanesborgir, að stytta Þórunnar hyrnu og Helga magra, gönguferðir um Síðuhverfi.

Námsmat: Símat þar sem metið er: Sjálfstæði í vinnubrögðum, upplýsingaleit, samvinna í hópverkefnum og í vettvangsferðum. Nemendur svara munnlega könnunarspurningum frá kennara. Í lok hvers þema meta nemendur sjálfir vinnu sína. Nemendur velja verkefni í sýnismöppu og segja foreldrum frá því í lok vorannar.

Kennslustundafjöldi á viku: 2.

Náttúrufræði og umhverfismennt

Megintilgangur náttúrufræðináms á yngsta stigi er að viðhalda og styrkja forvitni og áhuga nemendanna á umhverfi sínu, kenna þeim að skoða hluti og fyrirbæri og styrkja orðaforða þeirra þannig að þeir eigi auðveldara með að tjá sig. Viðfangsefni eru því tengd nánasta umhverfi nemandans. Lögð er áhersla á útikennslu þar sem nemendur þekki helstu kennileiti í sínu umhverfi.

Aðaláherslur í umhverfismennt: Mjög mikilvægt er að nemendur læri að umgangast náttúruna með gát og virðingu og átti sig á að hún er viðkvæm. Einnig að þeir geri sér grein fyrir tengslum manns og umhverfis. Þeir læri flokkun úrgangs og mikilvægi þess að draga úr mengun í sínu nánasta umhverfi.

Aðaláherslur í lífvísindum: Nemendur fræðist um nokkur lífríki í nánasta umhverfi sínu og læri um nokkra algenga fugla, fiska, blóm, skordýr og búsvæði þeirra. Nemendur kynnist lífsferli kartöflunnar og geri tilraunir með ræktun kartaflna. Þeir læri um mannslíkamann, hvernig hann starfar í grófum dráttum og mikilvægi þess að hugsa vel um líkamann. Farið verður í grunnatriði í skyndihjálp.

Aðaláherslur í jarðvísindum: Að nemendur geri ýmsar athuganir á nánasta umhverfi sínu, skrái niðurstöður og álykti út frá þeim. Fjallað er um samsetningu jarðarinnar, eldgos og afleiðingar þeirra. Geri sér grein fyrir mismunandi veðurfari og geti gert einfaldar veðurathuganir. Gerðar eru athuganir á ólíkum birtingarformum vatns.

Aðaláherslur í eðlisvísindum: Áhersla er lögð á að nemendur rannsaki áhrif veðurs og vinda á efni, geri athuganir á mismunandi eignum varðandi eiginleika, notkun og möguleika til endurvinnslu. Þeir flokka steina eftir ólíkum eðliseiginleikum, s.s. stærð, lögun, þyngd og áferð.

Kennsluhættir: Áhersla er lögð á rannsóknarvinnu og útikennslu. Að hausti og vori sækja nemendur sér verkefni í nánasta umhverfi skólans sem þeir vinna úr í hópum í skólastofu eða úti. Viðfangsefni eru kennd í þemavinnu og tengd Byrjendlæsi. Oft er stuðst við hugtakakort þar sem nemendur skrá eða teikna helstu þætti í viðfangsefni hverju sinni. Nemendur vinna saman í hópum, þörum eða einstaklingslega. Þeir læra að skrá niðurstöður sínar og gera vinnubækur. Þeir kynnast því að leita heimilda í bókum og á vef. Tilraunir og athuganir gerðar. Myndbönd sýnd. Kennslan er samþætt við aðrar námsgreinar.

Námsefni: Verkefni um ánamaðkinn, verkefni um steina og álfa, Kartaflan – verkefni eftir Sigrúnu Ásmundsdóttur, *Komdu og skoðaðu líkamann*, *Komdu og skoðaðu land og þjóð*, ýmsar tilraunir og fræðibækur, kennsluforrit.

Uppákomur og heimsóknir: Umhverfisdagur Síðuskóla, Endurvinnslan heimsótt farið í vettvangsferðir í Krossanesborgir.

Námsmat: Símat þar sem metið er: Sjálfstæði í vinnubrögðum, upplýsingaleit, samvinna í hópverkefnum og í vettvangsferðum. Nemendur svara munnlega könnunarspurningum frá kennara. Í lok hvers þema meta nemendur sjálfir vinnu sína. Nemendur velja verkefni í sýnismöppu og segja foreldrum frá því í lok vorannar.

Kennslustundafjöldi á viku: 2.

Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði

Aðaláherslur: Áhersla er lögð á kristilegt siðgæði. Unnið með hugtökin miskunnsemi, hjálpssemi, umburðarlyndi, sannsögli og góðvild. Nemendur kynnist sögum úr *Gamla testamentinu* og frásögum af lífi og starfi Jesú Krists. Fjallað verður um myndverk og ljóð sem túlka efni *Bíblíunnar*. Einnig verður rætt um önnur trúarbrögð.

Kennsluhættir: Texti er lesinn og rætt um innihald hans, nemendur tjá sig og skiptast á skoðunum, verkefni unnin, oft á myndrænan hátt.

Námsefni: *Regnboginn*, bænahefti.

Heimanám: Nemendur læra bænir og vers og myndskreyta.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Lífsleikni

Aðaláherslur: Nemendur þjálfast í að tjá tilfinningar sínar, læri að fara eftir leikreglum, sýni tillitssemi, færni í samvinnu, hlusti á aðra og sýni kurteisi, og geti leyst ágreiningsefni á jákvæðan hátt. Nemendum kynnist og þekki umferðarmerki fyrir gangandi vegfarendur og þekki öruggustu leið sína í skólann. Lífsleiknin er samofin öllu skólastarfi.

Kennsluhættir: Kennslan fer einkum fram með umræðum ýmist í stórum eða litlum hópum og á bekkjarfundum. Í upphafi vinnu er oft lesin saga sem síðan er unnið út frá. Reglulega eru kenndar og æfðar reglur í SMT skólafærni.

Námsefni: *Zippý*, efni frá Rauða krossinum, *Spor2*, SMT skólafærni, umferðarfræðsla.

Uppákomur og heimsóknir: Hjúkrunarfræðingur skólans kemur tvisvar sinnum í heimsókn og ræðir um svefn, hvíld og tannvernd. Nánasta umhverfi skólans nýtt til umferðarfræðslu. Vinavika, söngsalur og skákæfingar.

Kennslustundafjöldi á viku: Lífsleiknin er samþætt við aðrar námsgreinar en að jafnaði 1 kennslustund á viku.

Heimilisfræði

Aðaláherslur: Að nemendur læri um skiptingu fæðu í flokka, notkun eggjárns, gerð einfaldra rétta, bakstur og hreinlæti, sérstaklega tannhirða.

Verkefni: Grænmetiskarll, ávaxtapinnar, stafasúpa, ostabrauð, grallarabrauð, sparikúlur, brauðbátar, skyrdrykkur og fleiri verkefni frá kennurum.

Kennsluhættir: Í upphafi tímans er sest niður og rætt um verkefni dagsins og raðað niður í hópa, síðan hjálpar kennari eftir þörfum við verkefnin. Einnig er bókleg kennsla og þá er setið í hring við borð.

Námsefni: *Hollt og gott 1*, námsefni fyrir 2. bekk og verkefni frá kennara.

Námsmat: Frammistaða og hegðun metin eftir hvern tíma.

Kennslustundafjöldi: Tvær kennslustundir aðra hvora viku.

Kennari: Erna Guðjónsdóttir.

Íþróttir – líkams- og heilsurækt

Skólaíþróttir

Aðaláherslur: Að nemendur tileinki sér góða umgengni, hreinlæti og kurteisi sem og að efla leikgleði, þjálfra hlustun, einbeitingu og jafnvægi. Að þeir auki kraft, fimi, þol og þrek sem og sjálfstæð vinnubrögð og efla samvinnu nemanda. Að nemendur tileinki sér jákvætt viðhorf til hreyfingar með leikjum og æfingum með og á ýmsum áhöldum. Þá er einnig markmið að bæta fin- og grófhreyfingar nemenda.

Kennsluhættir: Sýnikennsla þar sem kennari sýnir og kennir nemendum æfingar og leiki og fær nemendur til að sýna. Nemendur vinna mikið í hópum en þó einnig með einstaklingsæfingar sem reyna á sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur nota ekki skó í 2. bekk en þeir mega vera í tátíljum eða stjörnusokkum. Ef nemendur geta ekki tekið þátt í íþróttum eða farið í sturtu eiga þeir að koma með miða frá foreldrum eða forráðamönnum þess efnis.

Námsefni: Hreyfileikir, boltaleikir, hringþjálfun, stöðvaþjálfun, fimleikar, frjálssar íþróttir, styrktar- og jafnvægisæfingar.

Námsmat: Símat á virkni, hegðun og færni nemanda í tímum. Færni í prófum og könnunum gildir 30 % á móti virkni, áhuga og ástundun sem gildir 50 % og félagsfærni/samskipti og hegðun 20%.

Kennslustundafjöldi á viku: 2.

Kennarar: Páll Gíslason og Rainer Jessen.

Skólasund

Aðaláherslur: Áfram verður unnið með aðlögun nemenda að vatninu. Að þeir tileinki sér hreinlæti og góða umhirðu líkamans og læri að hlíta fyrir mælum og öryggisatriðum sundstaðar. Að þeir upplifi skólasund sem skemmtilega og jákvæða námsgrein og umfram allt að nemendum líði vel í vatni. Ennfremur að nemendur efla líkamlegan og félagslegan þroska, þrek og sjálfstraust og efla skynfæri líkamans og samspil þeirra við útfærslu hreyfinga í vatni. Stefnt er að nemendur uppfylli kröfur 2. sundstigs við lok skólaárs.

Kennsluhættir: Sýnikennsla, leiðbeiningar og skýringar af bakka og einnig ofan í laug.

Æskilegt er að nemendur mæti með sundgleraugu og í skólasund er óheimilt að nota stuttbuxur (strandbuxur), aðeins er leyfður hefðbundinn sundfatnaður (sundskýlur eða sundbolur).

Námsefni: Öndunar-, flot- og leguæfingar, bringu- og skólabaksundsæfingar, skrið- og baksundsæfingar, kafsund og stunguæfingar, leikir, boðsundsleikir og boltaleikir.

2. sundstig: Marglyttuflot, kafsund a.m.k. 2,5 metrar, 10 metra bringusund með eða án hjálpartækja, 10 metra skólabaksundsfótatök með eða án hjálpartækja og 8 metra skriðsundsfótatök með arma teygða fram.

Námsmat: Próf í 2. sundstigi. Einkunn gefin fyrir ástundun, áhuga, umgengni og hegðun. Færni í

prófi gildir 30 %, á móti virkni, áhuga og ástundun 50 % og félagsfærni/samskipti og hegðun 20 %.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Kennarar: Rainer Jessen og Hansína Gunnarsdóttir.

Listgreinar

Textilmennt

Aðaláherslur: Að nemendur efli og styrki sköpunargleði sína með því að sauma út, þrykkja, þæfa og fingurprjóna og að þeir temji sér að ganga frá áhöldum og efnum sem unnið hefur verið með.

Verkefni: Sauma frjálsa mynd eftir eigin teikningu í stramma, sauma fisk með mismunandi sporum í stramma, gera snið af furðudýri og sauma í filtefni, þrykkja taudúk með kartöflum, fingurprjóna og þæfa.

Kennsluhættir: Sýnikennsla og verkleg vinna. Nemendur vinna einstaklingslega og í hópum.

Námsgögn: Grófur strammi, léreft, filt, ull, garn og litir.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Myndmennt

Aðaláherslur: Að efla sköpunargleði nemenda þannig að hver einstaklingur fái notið sín bæði einstaklingslega og í samvinnu við aðra. Að geta unnið myndverk á fjölbreytilegan hátt í ýmis efni með margvíslegum áhöldum í gegnum teiknun, málun, mótun, klippimyndir og þrykk.

Að hafa tamið sér vönduð vinnubrögð og geta gengið frá verkum, efnum og áhöldum sem unnið hefur verið með.

Kennsluhættir: Verkleg kennsla, hópinnlögn og einstaklingsaðstoð. Mikið lagt upp úr sjálfstæði í vinnubrögðum og vandvirkni. Nemendur vinna ýmiskonar myndverk með fjölbreyttum aðferðum og efni. Fjallað verður meðal annars um grunnform, mynstur, grunnliti, litablöndun, heita og kalda liti. Hugtökin áferð og lína kennd.

Námsmat í textil- og myndmennt: Verkefni nemenda, vinnusemi, áhugi og sköpunargleði metin. Nemendur velja sér verk og meta það. Verkefnið sett í sýnismöppu.

Kennslustundafjöldi á viku: 2.

Tónmennt

Aðaláherslur: Megináhersla er lögð á söng, léttu texta og hreyfingu. Nemendur læri púls og laghryn og að leika á einföld ásláttarhljóðfæri.

Kennsluhættir: Lögin æfð með textum og einnig eru notuð einföld hljóðfæri, svonefnd Orfhljóðfæri (tréstafir, þrihorn, trommur o.fl.). Einnig er farið í hreyfileiki sem falla að efninu.

Námsefni: *Tónmennt 2. hefti kennslubók. Tónmennt 2. hefti söngvasafn.*

Námsmat: Frammistaða í tímum metin.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Kennari: Gunnar Halldórsson.

Forskóli tónlistarskólans

Aðaláherslur: Að nemendur læri að spila á blokkflautu og ásláttarhljóðfæri eftir nótum. Þjálfra hrynlestur og hrynheyrn með klappi, söng og hljóðfæraleik.

Námsgögn: Blokkflauta, verkefnablöð og lög til að spila á blokkflautuna.

Námsmat: Frammistaða nemandans í tímum metin.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Kennari: Hjördís Eva Ólafsdóttir.

Dans

Aðaláherslur: Að nemendur efli eigin hreyfingu, þekki og skynji hreyfimyndur hópa svo sem raðir, hringi, skálínur og fylgi öðrum. Nemendur læri einföldustu grunnspor í samkvæmisdönsunum og gömlu dönsunum. Þau læri að skynja hrynjanda í tónlist og læri að láta hreyfingu fylgja takti og ná samhæfingu handa og fóta. Nemendur þurfa að þekkja og nýta sér almennar kurteisisvenjur í samskiptum þ.e.a.s. bjóða upp í dans, vinna í hópi, taka tillit til annarra og sýna gagnkvæma virðingu.

Kennsluhættir: Sýnikennsla fer fram í öllum tímum þar sem kennari sýnir nemendum spor og dansa. Börnin læra að hita upp með ýmsum hreyfingum í takt við tónlist. Í lok hvers tíma fá nemendur að fara í hina ýmsu leiki með tónlistarívaði.

Dansar: Hliðar saman hliðar á alla veggi, Skósmíðadansinn, Fingrapolki, Byggingadansinn, Hægri hönd, Samba (wisk og du), frumspor í Enskum Vals, Fugladansinn, Vínar vals (hliðar saman lyfta), Bomsa d, Dvergadansinn, Systkynadansinn, cha st. Magarena, Hermanns twist, Hóký póký, Súperman og marsera.

Leikir: Ásadans, Töludans og stoppdans.

Uppákomur og heimsóknir: Foreldrum er boðið að koma í heimsókn og fylgjast með í lok vorannar.

Námsmat: Símat þar sem frammistaða nemenda er metin eftir áhuga og getu og umsögn gefin við annarskipti.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Kennari: Jóhanna Elín Halldórsdóttir.

Upplýsinga- og tæknimennt

Aðaláherslur: Að nemendur geti ritað texta í ritvinnslu, kunni að nota ákveðna sérlykla á lyklaborði og geti vistað skjöl á hörðum disk. Kunni að leita í léttum orða- og fræðibókum. Geti nýtt sér útlánakerfi skólabókasafnsins. Nemendur læra fingrasetningu á ritþjálf.

Kennsluhættir: Í tölvustofu fara nemendur í kennsluforrit ætluð fyrir yngri nemendur og vinna í pörum eða einstaklingslega. Á bókasafni les starfsmaður bókasafnsins sögu, ævintýri eða ljóð, ræðir um innihald efnisins og nemendur gera verkefni. Nemendum kennt að umgangast bækur á réttan hátt. Farið reglulega í sögustund á skólabókasafni.

Námsgögn: Ritþjálfar, tölvur, tölvuforrit og ýmis verkefni á bókasafni.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.

Kennarar: Umsjónarkennarar og á skólabókasafni Guðrún Nielsdóttir.

Hönnun og smíði

Aðaláherslur: Að nemendur geti virkjað áhugasvið sitt við val verkefna og geri sér grein fyrir hæfileikum sínum í sköpun. Að þeir kynnist og meðhöndli einföld verkfæri svo sem hamar, sög, skerstock, brennipenna og mismunandi grófan sandpappír.

Verkefni: Frjálst verk úr smíðakubbum, minnisspjald skreytt með brennipenna, bátur smíðaður eftir eigin teikningu.

Kennsluhættir: Sýnikennsla. Nemendur hvattir til að nota eigið hugmyndaflug við útfærslu á verkefnum. Áhersla lögð á samvinnu nemenda, að þeir geti gengið vel um smíðakassa og sýni aðgæslu í umgengni við verkfæri.

Námsmat: Umsögn á vorönn. Verkefni, áhugi og hugmyndaauðgi nemenda metin.

Kennslustundafjöldi á viku: 1.